

Þriðjudaginn 8. júlí 1997.

Nr. 294/1997. **Ákærvaldið**

(Sigurður Gísli Gíslason ftr.)

gegn

Cörlu Wolff

(Gunnar Thoroddsen hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 1. júlí 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 7. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst varnaraðili þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að sér verði gert að sæta farbanni, þar til dómur gengur í máli, sem ríkissaksóknari hefur höfðað gegn sér.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. júní 1997.

Ár 1997, mánudaginn 30. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingvaldi Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og einnig með vísan til b-liðar 1. mgr. sömu lagagreinar, að Cörlu Wolff, hollenskum ríkisborgara, fæddri 19.

febrúar 1946 í Rotterdam í Hollandi, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í máli hennar, þó eigi lengur en til þriðjudagsins 2. september 1997 kl. 16.00. Ákærða er grunuð um brot gegn 173. gr., a-lið, almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974.

Ákærða hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 12. desember 1996, en gæsluvarðhaldsvist hennar hefur verið framlengd fimm sinnum með úrskurðum Héraðsdóms Reykjavíkur, fyrst 9. janúar sl., þá 6. febrúar sl., því næst 6. mars sl., síðan 18. apríl sl. og loks 30. maí sl., en þá var henni gert að sæta framhaldi gæsluvarðhalds á grundvelli 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 og b-liðar 1. mgr. 103. gr. sömu laga til 30. júní 1997.

Frá 11. desember sl. hefur lögregla rannsakað mál, er varðar stórfelld brot á fíkniefnalöggjöf. Rannsóknin hefur leitt í ljós, að flutt hafa verið inn 25 kg af hassi, 3 kg af amfetamíni og allt að 600 e-töflur (MDMA). Ákærða er grunuð um að eiga þátt í þessum innflutningi. Auk ákærðu og landa hennar, Albarts Jan van Houten, hafa fjórir Íslendingar sætt gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins, en allir hafa þeir jatað viðtöku fíkniefna.

Þegar ákærða kom til landsins 11. desember sl. ásamt Albart Jan van Houten, fundust tæplega 10 kg af hassi í tösku, sem var merkt henni. Einnig hefur ákærða viðurkennt að hafa verið með í för, þegar flutt var inn bifreið sl. haust, sem nokkrir grunuðu hafa borið, að í hafi verið 15 kíló af hassi, 3 kíló af amfetamíni og allt að því 600 töflur af vímuefninu MDMA (e-töflum). Þótt ákærða hafi neitað að eiga með saknæmum hætti aðild að fyrrgreindum innflutningi, sagði hún í lögregluskýrslu frá 9. janúar 1997, að í ferð þeirri, sem hún fór til Íslands 11. desember sl., hafi hana mátt gruna, hvað það var, sem flutt var til landsins, þótt ekki hafi sér dottið í hug, að um svo mikið magn væri að ræða.

Ákæra á hendur ákærðu var gefin út 24. júní og birt ákærðu í dag. Í ákæru er henni gefið að sök að hafa í félagi við annan mann staðið að innflutningi á 9.754,3 g af hassi til Íslands 11. desember sl., og er brotið talið varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga.

Með hliðsjón af framansögðu, gögnum málsins og því, hversu mikið magn fíkniefna ákærða flutti til landsins, um 9,7 kg af hassi, þykir sterkur grunur liggja fyrir um, að ákærða hafi brotið gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga. Þar sem um svo alvarlegt brot er að ræða sem stórfelld fíkniefnamisferli, verður með skírskotun til framangreinds að fallast á, að skilyrðum 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 sé fullnægt.

Með skírskotun til ofangreinds og samkvæmt 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 og b-lið 1. mgr. sömu lagagreinar verður ákærðu gert að sæta gæsluvarðhaldi í samræmi við kröfu ríkissaksóknara.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákærða, Carla Wolff, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út kl. 16.00 í dag, þar til dómur gengur í máli hennar, en þó eigi lengur en til þriðjudagsins 2. september 1997 kl. 16.00.
